

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.1.2019
Málsnr:	1805076
Bréfal:	512

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. desember 2018

Tilvísun: 201805061 / 3.2

Efni: Breyting á aðalskipulagi til staðfestingar vegna Hamraneslína

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 13. desember 2018, sent Skipulagsstofnun til staðfestingar breytingu á aðalskipulagi vegna bráðbirgðaflutnings á Hamraneslínunum 1 og 2.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði með breytingaruppdrætti í mkv. 1:15.000 og greinargerð, dags. 08.08.2018/Lagfært 13.09.2018. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 12. desember 2018.

Tillagan var kynnt almenningi með opnu húsi 29. nóvember sl. sbr. 2. mgr. 30. Fram kemur að tillagan hafi verið send til umsagnar sjö aðila, þ.m.t. Umhverfisstofnunar. Umsögnum skiluðu Kópavogsbær, Orkustofnun og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir bárust ekki að öðru leyti við auglýsta tillögu.

Skipulagsstofnun fékk til athugunar, með erindi Hafnarfjarðarbæjar 28. ágúst 2018, breytingartillögu á aðalskipulaginu vegna bráðabirgðaflutnings á Hamraneslína. Í umsögn stofnunarinnar 6. september 2018 voru gerðar athugasemdir við breytingartillöguna. Skipulagsstofnun fékk breytingartillöguna að nýju til athugunar með bréfi dags. 21. september 2018. Í umsögn stofnunarinnar 26. september sl. eru ítrekaðar fyrri athugasemdir er varðar efnisatriði tillögunnar og umhverfismat auk þess sem bent var á að útfæra aðalskipulagið með þeim hætti að það geti nýst sem grundvöllur framkvæmdaleyfis. Við athugasemdum stofnunarinnar hefur ekki verið brugðist nægilega né er útskýrt af hverju það er ekki gert. Því verður ekki hjá því komist að gerðar verði lagfæringar á gögnum áður en stofnunin getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna.

Landsnet tilkynnti fyrirhugaða færslu Hamraneslína til Skipulagsstofnunar og tók stofnunin ákvörðun 19. júlí 2018 um að fyrirhuguð færsla á Hamraneslínunum skyldi ekki háð mati samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í greinargerð framkvæmdaraðila með tilkynningunni, dags. 23. maí 2018, er gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á tiltekna umhverfisþætti og þeim valkostum sem komu til álita í undirbúningsferlinu auk þess sem framkvæmdaþáttum er nákvæmlega lýst í 3. kafla greinargerðarinnar. Umfjöllun greinargerðarinnar um umhverfismat framkvæmdanna, getur að mati Skipulagsstofnunar, fyllt upp í þær eyður sem nú eru í aðalskipulagsbreytingunni og umhverfismati hennar og getur auk þess nýst sem grundvöllur fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa vegna færslu línanna.

Skipulagsstofnun leggur til að í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar verði bætt við eftirfarandi eða sambærilegum texta: „Að öðru leyti er vísað til greinargerðar með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu á færslu Hamraneslína 1&2, dags. 23. maí 2018, hvað varðar

umhverfismat og lýsingu á tilhögun framkvæmda og er hún hluti aðalskipulagsbreytingar þessarar.“

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar er bent á kröfu Minjastofnunar Íslands um að kanna þurfi fornleifar á framkvæmdasvæðinu áður en veitt verður framkvæmdaleyfi. Eðlilegt er að draga þetta atriði fram með því að setja skipulagsákvæði í aðalskipulagsbreytinguna um að fornleifaskráning skuli hafa farið fram í samráði við Minjastofnun Íslands áður en sótt er um framkvæmdaleyfi.

Að lokum áréttar stofnunin að skipta þarf út uppdrætti á kortblaðinu af aðalskipulagi fyrir breytingu, sbr. breytingu vegna Ásvallabrautar sem staðfest var 17. október sl. og lagfæra þarf tákni um veitur í skýringardálki.


Hafdis Hafliðadóttir